



# Umsókn um sjúkradagpeninga

## Fylgiskjöl:

- Sjúkradagpeningavottorð  Beiðni um nýtingu persónuafsláttar  
 Staðfesting atvinnurekanda  Launaseðlar, ef þörf er á

Nafn \_\_\_\_\_ Kt. \_\_\_\_\_

Heimili \_\_\_\_\_

Hs. \_\_\_\_\_ Vs. \_\_\_\_\_ Gsm. \_\_\_\_\_

Netfang / netföng \_\_\_\_\_

Bankanúmer / útibú \_\_\_\_\_ Höfuðbók \_\_\_\_\_ Reikningsnr. \_\_\_\_\_

Atvinnurekandi 1 \_\_\_\_\_ Hóf störf \_\_\_\_\_ Starfshlutfall \_\_\_\_\_

Atvinnurekandi 2 \_\_\_\_\_ Hóf störf \_\_\_\_\_ Starfshlutfall \_\_\_\_\_

- Umsækjandi hefur verið félagi í VR síðustu sex mánuði.

## Sótt er um sjúkradagpeninga/bætur vegna:

- Veikinda  Vinnuslyss  Veikinda barns / maka  Slyss í frítíma

Hvenær varð umsækjandi óvinnufær? \_\_\_\_\_

Hvenær verður umsækjandi vinnufær? \_\_\_\_\_

## **Staðgreiðsla er tekin af greiðslum úr Sjúkrasjóði VR.**

## Athugið:

Í samræmi við 17. gr reglugerðar Sjúkrasjóðs VR er félagsmönnum óheimilt að hafa launatekjur á sama tíma og þeir þiggja dagpeninga úr Sjúkrasjóði VR. Heimilt er að greiða hluta dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki vegna sjúkdóms eða slyss, stundað fulla vinnu. Hafi félagsmaður gerst brotlegur gegn reglum sjóðsins áskilur félagið sér rétt til að stöðva frekari greiðslur og krefjast endurgreiðslu.

## Yfirlýsing:

Til að VR geti brugðist við og afgreitt umsóknir í Sjúkrasjóð þarf VR að safna og vinna úr þeim persónugreinanlegu gögnum sem óskað er eftir í umsókn þessari. Vinnsla þessara persónuupplýsinga grundvallast á 3. tl. 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Með undirskrift minni veiti ég félaginu rétt til þess að afla frekari gagna sem afgreiðsla umsóknarinnar getur byggt á, s.s. upplýsinga um tekjur og tekjuskatt o.fl. og samþykki að trúnaðarlæknar félagsins hafi aðgang að öllum framangreindum upplýsingum og geti kallað mig til viðtals.

Persónuverndaryfirlýsingu VR má lesa í heild sinni á vef VR en óskir þú nánari upplýsinga má hafa samband við persónuverndarfulltrúa okkar á netfanginu [personuverndarfulltrui@vr.is](mailto:personuverndarfulltrui@vr.is).

\_\_\_\_\_

Dagsetning

\_\_\_\_\_

Undirskrift umsækjanda



## Úr Reglugerð Sjúkrasjóðs VR:

### 17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrjú mánuðir en við þriðja brot níu mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

### 18. gr. Úrskurðarnefnd VR

Heimilt er að kæra ágreining sem rís um túlkun reglna, grundvöll, skilyrði og fjárhæð dagpeninga, styrkja og annarra greiðslna úr sjóðnum til úrskurðarnefndar VR sem skipuð er af stjórn félagsins. Hlutverk úrskurðarnefndar VR er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga og reglna VR.

Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að viðkomandi félagsmanni eða aðila er tilkynnt um ákvörðun Sjúkrasjóðs VR og nánar eftir gildandi reglum um úrskurðarnefnd VR hverju sinni.

## Úr Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR:

### 2. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

2.1 Sjúkrasjóður VR greiðir sjúkra- eða slysadagpeninga ef félagsmaður verður, sökum veikinda eða slysa, óvinnufær og launatekjur hafa fallið niður. Veikindaréttur hjá atvinnurekanda, samkvæmt kjarasamningi, þarf að vera fullnýttur. Þó er heimilt að greiða sjúkradagpeninga þeim sem fara í áfengis- eða vímuefnaferð, án þess að þeir hafi klárað veikindarétt hjá atvinnurekanda. Einyrkjar í VR njóta sama réttar í veikindum og almennir launamenn og þurfa einnig að klára veikindarétt hjá eigin rekstri áður en þeir fá greiðslur úr Sjúkrasjóði VR. Heimilt er að tekjutengja sjúkradagpeninga við meðallaun. **Ekki er heimilt að greiða sjúkradagpeninga samhliða námi sem hefst eftir að bótatímabil er hafið.**

**Sjúkradagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Ef sjóðsfélagi vanrækir að kaupa lögbundna tryggingu greiðir Sjúkrasjóður VR ekki slysadagpeninga sem annars hefðu verið greiddir af tryggingafélagi.**